



Annáll haustannar 2022

Upphaf haustannar

Fjölbrautaskóli Vesturlands var settur miðvikudaginn 17. ágúst með móttöku nýnema. Kennsla hófst fimmtudaginn 18. ágúst skv. stundaskrá. Nýnemaferð var farin 25. ágúst á vegum NFFA ásamt Áslaugu Guðmundsdóttur félagslífsfulltrúa en þá er jafnan glatt á hjalla.

Tölulegar upplýsingar

Kennslu- og námsmatsdögum lauk miðvikudaginn 14. desember. Heildarfjöldi nemenda við skólann á haustönn 2022 var 539 þar af voru 387 nemendur í dagskóla og 152 nemendur í kvöld- og helgarnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 61,2% nemenda voru karlar og 38,8% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 64% karlar og 36% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 54% karlar og 46% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 142 nemendur. 39 nemendur voru á náttúrufræðibraut og 34 á félagsfræðibraut. 64 nemendur voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum voru 72 nemendur í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 31 nemendur í dagskóla og 77 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 24 nemendur í dagskóla og 10 í dreifnámi.

Skólanámskrá

Skólanámskrá FVA var endurskoðuð og gefin út í júní. Í nýrri útgáfu eru skólareglur uppfærðar, aðallega það sem snýr að heimavist og skólasókn. Innritunarskilyrði á NÁT og RAF breyttust, nú þarf nemandi að fá einkunnina B í stærðfræði í stað C áður. Alls bættust 26 nýir áfangar við og 17 áfangar voru uppfærðir að formi og innihaldi.

Í nýrri skólanámskrá er heimild til að nemendur geti sótt um allt að þrjú daga á önn í leyfi til ferðalaga, sé sótt um langtímaleyfi með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Skammtímaleyfi er þegar um er að ræða hluta úr degi, t.d. vegna læknisheimsóknar eða ökunáms. Sótt er um bæði langtímaleyfi og skammtímaleyfi í Innu, veikindi eru áfram tilkynnt á skrifstofu skólans.

Ferilbók í iðnnámi

Á árinu vari unnið áfram að innleiðingu ferilbókar í vinnustaðanámi í iðngreinum. Fulltrúar Nemastofu atvinnulífis og Menntamálastofnunar kynntu rafræna ferilbók fyrir starfsfólki og nemendum í FVA í lok september. Ljóst er að þörf er á öðrum slíkum fundi. FVA er í samstarfi við aðra starfsnámskóla á landinu um innleiðinguna.

Ytra mat

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á framhaldsskólum fyrir hönd ráðuneytis. Í ytra mati er lagt faglegt mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Matsmenn komu í skólann í byrjun október og skoðuðu fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skólans og tóku viðtöl við nemendur, starfsfólk skóla o.fl. Ytra mat fer fram í öllum framhaldsskólum á fimm ára fresti, FVA var síðast í ytra mati 2017. Skýrsla frá Menntamálastofnun er væntanleg.



Námsverið

Um árábil hefur verið jafningafræðsla í boði í Námsveri en var undir það síðasta lítið sótt. Í vetur var boðið var upp á aðstoð kennara í Verinu, bæði í íslensku (ritgerðasmíð, verkefnavinna o.fl.) og stærðfræði. Það var ekki mikið notað af nemendum, því miður. Framtíð verkefnisins ræðst af eftirspurn.

Afrekssvið

Aldrei hafa verið svo margir nemendur á afrekssviði, eða 73 sem æfa alls sjö íþróttagreinar undir stjórn sérhæfðra þjálfara. Nemendur fá tíma í stundatöflu til æfinga og hressingu í mótuneytinu til að viðhalda styrk og heilsu. Hópurinn er klæddur sérmerktum fötum á æfingum. M.a. var farið í heimsókn í HR á önninni. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir heldur vel utan um hópinn.

Foreldrasamstarf

Í upphafi annar var boðað til fundar með forráðafólki nemenda á sal. Var þar farið yfir það helsta sem brennur á, í skólabyrjun; námskrá og skólareglur, stoðþjónusta, ferilbók í iðnnámi o.fl.

Foreldraráð FVA var endurlífgað á árinu. Það samanstendur af fimm aðalmönnum og fjórum til vara. Í vetur skipa ráðið : Hildur Owen, Hjördís Garðarsdóttir, Ólöf Lilja Lárusdóttir, Íris Björg Jónsdóttir og Erna Hafnes sem er formaður. Ráðið heldur fundi og eru fundargerðir vistaðar í skjalasafni skólans. Hægt er að koma ábendingum til ráðsins í gegnum netfangið foreldrarad@fva.is

Skólanefnd, fulltrúaráð

Skipunartími skólanefndar FVA og fulltrúaráðs rann út 12. júní 2022.

Fulltrúaráð er skipað 12 fulltrúum frá 6 sveitarfélögum sem standa að rekstri skólans. Í fulltrúaráði eru: Benedikt J. Steingrímsson, Ragnheiður Helgadóttir, Sigrún Ágústa Helgudóttir, Margrét Helga Ísaksen, Guðmann Magnússon, Þorvaldur T. Jónsson, Jóhanna Þorvaldsdóttir, Einar Jón Geirsson, Ástríður Guðmundsdóttir, Veronika G. Sigurðardóttir, Andrea Ýr Arnarsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson. Formaður fulltrúaráðs er Ragnheiður Helgadóttir.

Tveir fulltrúar ráðsins eru kosnir í skólanefnd, í henni eru samtals fimm. Ellert Jón Björnsson, Þórdís Eva Rúnarsdóttir, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, Jóhanna M. Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Helgadóttir. Formaður skólanefndar er Sædís Alexía Sigurmundsdóttir. Fyrsti fundur nýrrar skólanefndar var haldinn 7. desember.

Ungmennaráð Akraness

Nemendur FVA eiga einn fulltrúa í Ungmennaráði Akraness, sem starfa að málefnum unga fólksins á svæðinu ásamt fulltrúum frá Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, ÍA og Tónlistarskólanum. Fulltrúi FVA er Andrea Kristín Ármannsdóttir.



Forvarnir gegn ofbeldi

Stofnað var teymi um forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi á haustdögum. Í teyminu eru náms- og starfsráðgjafar, geðhjúkrunarfræðingur, jafnréttisfulltrúi, verkefnisstjóri mannauðsmála, þrjár fulltrúar nemenda og fulltrúar stjórnenda.

Jafnrétti

Eitt af gildunum okkar er jafnrétti. Jafnréttisfulltrúi FVA er Ólöf H. Samúelsdóttir. Í jafnréttisráði skólans eru auk jafnréttisfulltrúa Sigríður Ragnarsdóttir, Hörður Hallgrímsson og Finnbogi Rögnvaldsson. Sendu endilega ábendingar ef þú telur að jafnréttis sé ekki gætt í skólanum.

Viðburðir í skólastarfi

Vettvangsferðir

Útskriftarnemar rafiðnardeildar heimsóttu fyrirtæki HS Orku í Svartsengi og Landsnet um miðjan september, í tengslum við lokaáfangu í rafmagnsfræði. Í Svartsengi fræddust nemendur um gufuorku og fengu sýningu á stöðvarhúsum. Stjórnendur Landsnets tóku á móti nemum og fengu nemendur skemmtilega og líflega kynningu. Nemendur í vélvirkjun heimsóttu Skaginn 3X og fengu aldeilis góðar móttökur. Nemendur á afreksípróttasviði heimsóttu HR og lærðu margt af því. Þá var farið í hávísindalega jarðfræðiferð með langferðabíl eins og hefð er fyrir, og skroppið í leikhús á Vertu úlfur.

Dagur íslenskrar náttúru og tungu

Dagur íslenskrar náttúru þann 16. september var haldinn í blíðskaparveðri, með því að fara í náttúrúbingó en um leið var útiveran nýtt til plökks. Í tilefni af Degi íslenskrar tungu 16. nóvember fengið við Evu Björgu Ægisdóttur í heimsókn og las hún úr nýútkominni bók sinni í salnum. Einnig voru ort ljóð í tilefni dagsins.

Heilsuvikan

Víkuna 26.-30. september fór fram heilsuvika í FVA. Heilsueflingarteymi skólans sá um að setja saman fjölbreytta og skemmtilega dagskrá að vanda. Starfsfólk nýtti upphaf heilsuvikunnar til að fara af stað með heilsuáskorun, 30/30 (= að hreyfa sig í a.m.k. 30 mín á dag í 30 daga). Í lok vikunnar kepptu kennarar og nemendur sín á milli í 2500 metra róðri. Róið var af miklu öryggi og greinilega reynsluboltar á ferð í báðum liðum. Mjótt var á munum og svitinn bogaði af mannskapnum, en svo fór að lið kennara fór með sigur af hólmi. Ekki munaði þó nema um 120 metrum!

Skammhlaup

Þrátt fyrir að Skammhlaupið hafi farið fram á vorönn þetta árið var það haldið aftur í byrjun nóvember en eins og hefð gerir ráð fyrir er þetta haustviðburður og hefur verið undanfarna áratugi. Nemendur kepp í ýmsum bóklegum og verklegum greinum, eins og tungumálaprautum, borðskreytingum og stígvélakasti. Leikar fóru vel fram þótt mikið keppnissskap væri í hópnum og um kvöldið var ball í Gamla Kaupfélaginu.



Geðlestin

Geðlestin er geðfræðsla fyrir nemendur í framhaldsskóla, samstarfsverkefni Geðhjálpur og Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og er styrkt af félags- og heilbrigðisráðuneyti. Geðlestin brunaði á Skaga 27. október og fengum við bæði hagnýta og skemmtilega fræðslu.

Míuverðlaunin

Jóhanna Ólafsdóttir sem kennir á sjúkraliðabraut í FVA var tilnefnd til Míuverðlaunanna í ár. Þórunn Eva Thapa kom í heimsókn til sjúkraliðanema í FVA en sagan af Míu er lokaverkefni hennar frá því hún var sjálf í sjúkraliðanámi. Vefurinn *Mia Magic* varð til í kjölfarið en þar er m.a. safnað fyrir gjöfum fyrir langveik börn og foreldra þeirra og veitt viðurkenning þeim sem koma að þjónustu langveikra barna á einn eða annan hátt eða hafa hjálpað eða stutt við sjúkling og fjölskyldu á erfiðum tíma. FVA hvetur alla til að kynna sér miamagic.is.

NFFA

Stjórn NFFA skólaárið 2022-2023 skipa þau Friðmey Ásgrímsdóttir, Helgi Rúnar Bjarnason, Jóel Þór Jóhannesson, Róbert Máni Gunnarsson og Sigurður Andri Óskarsson. Fulltrúi nýnema er Salka Hrafns Elvarsdóttir.

Nýnemaballið

Nýnemar voru boðnir velkomnir með nýnemaballi þann 8. september sem haldið var á Gamla Kaupfélaginu. Fram komu Auddi Blö og Steindi Jr og DJ Marinó var plötusnúður.

Westside-ballið

Íþróttakeppninni miklu milli FVA og FSN og MB þar sem keppt er í hinum ýmsu íþróttagreinum lauk með balli á Gamla kaupfélaginu um kvöldið, þann 29. september og var það glimrandi ball.

Edrúpotturinn

Á böllum í FVA er hvatt til að vera með í edrúpotti sem snýst um að blása í áfengismæli og eiga möguleika á útdrætti um veglega vinninga. Á hverju balli er þessi kostur í boði og hefur þátttaka alltaf verið mjög góð.

Borðtennisborð

Íþróttaklúbbur FVA setti upp hið sívinsæla borðtennisborð upp á ný í Gamla sal. Umgengni um borðið hefur verið til fyrirmyndar og nemendur eru iðnir við að nota það milli kennslustunda.

KOSS

Starfsmannafélagið KOSS stóð fyrir keilu í Egilshöll á haustönn og farið var í golfhermi hér á Skaga. Þá bar hæst í félagslífi starfsfólks að loksins var hægt að hafa jólahlaðborð en slíkt hefur ekki tekist síðan 2019 vegna kófsins. Gerði það stormandi lukku, ekki síst leynigesturinn Mugison sem lék als á oddi og var síðan stigin dans langt inn í nóttina. KOSS gefur gjafir á stórafmælum starfsfólks og sér um pakkaleik í jólagleðinni. Félagið er algjörlega ómissandi þáttur hér á bæ og meðlimir stjórnarinnar eiga þakkir skildar fyrir fórnfúst og óeigingjarnt starf í þágu okkar allra. Í stjórn KOSS eru Arnar Sigurgeirsson, Áslaug Guðmundsdóttir, Guðrún Lind Gísladóttir, Jófríður María Guðlaugsdóttir og Stefanía Marta Katarínusdóttir.



Erlent samstarf

FVA fékk á árinu formlega staðfestingu sem Erasmus-skóli 2022-2027. Helena Valtýsdóttir er alþjóðafulltrúi skólans en ráðið er í verkefnið til eins árs í senn. Í október fóru þrír nemendur og tveir kennarar til Tyrklands, með kynningu á skólanum og sögðu frá hvernig við stöndum okkur í umhverfismálum, ásamt því að fara í kynnisferðir og vinna ýmis skemmtileg verkefni með nemendum frá öðrum þjóðum.

Í maí fór hópur kennara í skólaheimsókn til Kaupmannahafnar með styrk frá Vísindasjóði FF og FS þar sem þrír framhaldsskólar voru heimsóttir. Tókst ferðin í alla staði vel og var sagt frá ferðinni í Skessuhorni.

Í nóvember tók skólinn á móti fjórum kennurum og 16 nemendum frá Finnlandi og Litháen og kynnti land og þjóð fyrir þeim.

Í desember kom fulltrúi kennara frá verknámsskóla í Gifhorn í Þýskalandi í heimsókn í FVA og eru nemendaskipti, mögulega skólaheimsókn og jafnvel kennaraskipti hugsanleg milli skólanna.

Húsnæði

B álma

Framkvæmdum við B álmu lauk á önninni. Starfsbrautarnemendur- og starfsfólk hafa nú fengið glæsilega kennsluáðstöðu, náms- og starfsráðgjafar endurheimtu skrifstofur sínar og nýtt bókanlegt fundarherbergi hefur bæst við. Keypt voru ný húsgögn í þessi nýju rými. Þá er búið að gera við gólf og dúkleggja neðri hæð í B og ganginn við Vallholt. Á efri hæð í tengigangi D var málað í einum einkennislita skólans. Punkturinn yfir i-ið í framkvæmdum var viðgerð og endurbætur á loftræstingunni og loftar því vel um alla, sér í lagi þá sem þurftu að þola hávaða og ryk, flutninga og rask og önnur óþægindi vegna framkvæmdanna og er þeim hér með þökkun biðlundin, æðruleysið og þolinmæðin.

Skólameistari leggur árlega fram óskalista til Framkvæmdasýslu ríkisins um næstu endurbætur því enn er margt innanhúss sem þarf að huga að, m.a. er löngu komið að endurbótum á tölvustofum í B álmu og að mála allar kennslustofur í skólanum.

Mötuneyti

Hollur og góður matur er aðalsmerki mötuneytis FVA. Þar er boðið upp á hafragraut á morgnana, heitan mat og salatbar í hádeginu. Vatnskraninn er vinsæll og vel nýttur en svo er von á nýjum vatnsvélum fljótlega. Mikið stuð hefur verið í mötumeytinu, flýtir hefur oft verið á mannskapnum og gleymst hefur stundum að ganga vel um og matarklessur liggja eftir á borðum og gólfum. En starfsfólk mötuneytis er magnað, alltaf með bros á vör, tilbúið með girnilegan mat og hreinan sal á hverjum degi. Takk fyrir okkur í vetur, Hugrún Vilhjálmisdóttir, Elsa Jóna Björnsdóttir og Friðmey Barkardóttir!

Heimavistin

Í nóvember var gert huggulegt í sameiginlegu rými á heimavist og keypt nýtt sjónvarp. Enn er verið að bíða eftir að framkvæmdir og endurbætur húsnæðis heimavistar á vegum ríkisins haldi áfram, en nauðsynlegt er t.d. að skipta út hurðum og gera upp baðherbergi. Vistarstjóri er Jóna Björg Howard.



Græn skref

Þann 14. nóvember var fjórða græna skrefið af fimm stigið. Var því fagnað með grænum drykk og köku. Þær Dröfn Viðarsdóttir og Helena Valtýsdóttir bera hitann og þungann af innleiðingunni ásamt Leó Ragnarssyni, umsjónarmanni fasteigna. Mikil tiltekt hefur átt sér stað undanfarin ár í húsnæðinu og gömlu rusli hefur verið hent en reynt er að koma því í notkun áður ef hægt er. Á göngum skólans eru allskonar ruslatunnur til að styðja við rétta flokkun úrgangs.

Húsbúnaður

Kennarar og starfsfólk var hvatt til þess að koma með tillögur að því sem betur mætti fara í húsbúnaði, aðbúnaði og tækjum. M.a. voru keypt hækkanleg skrifborð, sum á hjólum, ný nemendaborð í M-stofur, nuddstóll o.fl.

10. bekkur Grundaskóla

Við höfum verið svo heppin í vetur að hafa 10. bekk Grundaskóla í vist hjá okkur, meðan verið er að vinna að undirbúningi við bráðabirgðahúsnæði í Grundaskóla. Þau mun snúa til síns heima þann 1. janúar n.k. Við þökkum þeim fyrir samveruna og hlökkum til að taka við þeim aftur þegar þau vonandi snúa til baka sem nýnemar næsta haust.

Bókasafn

Á bókasafninu er hægt að vera í hópvinnu, komast í tölvu, lesa nýjustu bækur og tímarit og jafnvel ná hænuhlundi.

Tekið var í notkun á önninni virkni sem gerir nemendum kleift að senda skjöl til prentunar á prentara á bókasafninu úr eignin tölvum og sínum. Nemendur geta nálgast þjónustuna af heimasíðu skólans.

Björg Bjarnadóttir sem veitt hefur bókasafni FVA forstöðu frá 2018 hélt til annarra starfa í október og óskum við henni velfarnaðar á nýjum vettvangi um leið og henni eru þökkuð vel unnin störf í þágu skólans og starfsmannafélagsins. Í hennar stað var ráðin Harpa Sólbjört Másdóttir en hún er sprenglærð í skjalastjórnun og bókasafnsfræðum. Ýmsar breytingar eru fyrirhugaðar á bókasafninu á nýja árinu.

Í annarlök

Önnin einkenndist af miklum hraða og fjöri. Unnið er með námskraft og skuldbindingu við námið eins og kostur er. Kraftur er í starfsfólkinu, m.a. var haldið í heilsueflingu í Reykjarfjörð á Ströndum í júní og sjö kennarar taka þátt í Menntafléttunni sem er endurmenntunarnámskeið í kennslufræði og vinna þau öll saman að starfsþróun sinni. Stoðteymið hefur vaxið og dafnað og fengið fínar skrifstofur og fundarherbergi og starfsbrautin fer stækkandi og er komin með betri aðstöðu, m.a. salerni fyrir fólk með fötlun.

Öll erum við kát að vera laus við kófið. Þann 17. desember útskrifast öflugur hópur sem hóf dreifnám um það leyti sem veiran braust út fyrst. Í fjölmiðlum og hjá ráðuneyti gekk mikið á varðandi kynbundið ofbeldi og viðbrögð skóla (eða viðbragðsleysi) við slíku (MH-málið) og varð í framhaldi til EKKO-teymi í FVA sem vinnur að forvörnum með nemendum. Það er mikilvægt verkefni sem brennur okkur öllum og nemendur eiga virka aðkomu að. Saman getum við gert allt sem við viljum!